

Starfsþróunaráætlun Kársnesskóla 2022-2024

Þekking – virðing – ábyrgð - ánægja



Helstu áherslur í starfsáætlun Kársnesskóla.....	bls 2
Hvað er starfsþróun.....	bls 2
Starfsþróunarverkefni Kársnesskóla 2020 – 2021.....	bls 4
Fjármögnun starfsþróunarverkefna.....	bls 5
Framkvæmd starfsáætlunar.....	bls 5

Skólum er skylt að útbúa endurmenntunaráætlun og hafa þær til reiðu frá janúar á ári hverju.

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150 / 126 / 102 klukkustundum á ári til símenntunar og undirbúnings kennara og fer fjöldi tíma eftir aldri kennara.

Helstu áherslur í starfsþróunaráætlun Kársnesskóla

Í Kársnesskóla er starfsþróunaráætlun byggð á eftirfarandi áherslupáttum:

- Allir starfsmenn þekki hugmyndafræði og vinnubrögð Uppbyggingarstefnunnar og beiti þeim í daglegu starfi
- Allir kennarar taki þátt í þróun kennsluhátta og námsmats í takt við kröfur Aðalnámskrár og stefnu Kópavogsbæjar í notkun tækni í kennslu
- Allir starfsmenn hafi svigrúm til að þróa færni sína og þekkingu á því sviði sem þeir hafa mestan áhuga á og þjónar þörfum skólans

Hvað er starfsþróun?

Menntun er ævilangt ferli. Hugtakið starfsþróun vísar til þess að starfsmenn geti þróað áfram færni sína, þekkingu og viðhorf og þannig nýtt hæfileika sína og dafnað áfram í starfi. Frumkvæði starfsmanna, metnaður og árvekni í fræðslu og starfsþróun er lykill að árangri.

Starfsþróun miðar að því að auðvelda einstaklingum að meta þekkingu sína og færni, greina veikleika sína og styrkleika og ákveða áframhaldandi þróun í starfi. Símenntun er þannig einn þáttur í starfsþróun einstaklings sem gefur viðkomandi kost á að sýna í verki nýfengna þekkingu með því að takast á við ný verkefni eða axla meiri ábyrgð. Starfsþróun getur einnig komið í veg fyrir kulnun í starfi.

Starfsþróunina má vinna á eigin vegum m.a. með lestri, rannsóknum og netleiðöngurum. Hana má líka vinna í samvinnu við annað fagfólk, t.d. í þróunarverkefnum innan skólans eða milli skóla.. Hver starfsmaður ber ábyrgð á eigin starfsþróun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika sína og aukið þannig líkur á starfsánægju starfsmanna.

Starfsþróun má skipta í tvo meginþætti:

- Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann
- Þættir sem starfsmaður metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig

Starfsþróunarlíkanið VAXA lýsir heildrænni nálgun í starfsþróun kennara og er gott að horfa til:

Fjórþætt starfsþróun	Markmið og sameiginleg sýn	Leiðir
Fagmennska	Menntaðir og hæfir starfsmenn og fagleg forysta	Starfsþróunarsamtal – eftirfylgni – ferilmappa – sjálfstýrt nám
Einstaklingur	Velferð og ánægja starfsmanna	Hollusta – næring – hreyfing – fyrirlestrar – menntabúðir – jákvæð skólamenning
Faglegt samstarf	Þverfagleg samvinna starfsfólks innan skóla, milli skóla og stoðþjónustu	
Aðlögun og innleiðing skóla- og menntastefnu	Skólinn sem lærdómssamfélag sem þróar eigin leiðir í takt við umhverfi og samfélag	Uppbygging lærdómssamfélags – sjálfsmat skóla – nýsköpun í þróun kennsluhátta

VAXA (2013) er starfsþróunarlíkan sem Ásta Sölvadóttir bjó til í tengslum við lokaverkefni til M.Ed. prófs



Starfsþróunarverkefni Kársnesskóla 2023 – 2024

Verkefni	Fyrir hverja	Hvenær
Uppbyggingarstefna	Alla starfsmenn	Upprifjun í upphafi skólaársins og svo reglulega yfir skólaárið. Kennurum skipt í hópa
Fjölbreyttur nemendahópur	Allir kennarar	Námskeið í upphafi skólaárs á endurmenntunardögum og svo eftirfylgni allan veturinn
Útikennsla – „Út að leika og skapa“ Sprotasjóðsverkefni	Þróunarverkefni kennara á yngsta stigi	Hefst í upphafi skólaárs. Samstarf Vatnsendaskóla og leikskóla í Kópavogi.
Breyttir kennsluhættir/innleiðing tækni í skólastarf	Alla kennara – menntabúðir - jafningjafræðsla	Menntabúðir og jafningjafræðsla
Skyndihjálp	Alla starfsmenn skólans	Á starfsdegi skólans í mars
PBL – verkefni	Kennara á unglingastigi	Áframhaldandi þróun
Erasmus verkefni	Kennarar í 6.bekk	Haust 2023
Skólaheimsóknir	Alla kennara	Á skipulagsdegi í nóvember
Brunavarnir	Alla starfsmenn	Á hverju ári / æfing og rýmingaráætlun uppfærð



Fjármögnun starfsþróunarverkefna

Skólinn og starfsmenn skipta kostnaði við starfsþróun á milli sín. Starfsmenn nýta styrki úr endurmenntunarsjóðum hjá stéttarfélögum og öðrum þróunarsjóðum til að fjármagna starfsþróun sína. Skólinn fjármagnar verkefni sem ætluð eru öllum starfsmönnum eða eru sérstaklega tilgreind á annan hátt í starfsþróunaráætluninni.

Fjármögnun starfsþróunar í Kársnesskóla

Vinnustaðurinn greiðir 100%	Vinnustaður og starfsmaður skipta kostnaði	Starfsmaður greiðir 100%
Vinnustaður greiðir laun starfsmanns og þátttökugjöld	Vinnustaður greiðir laun en starfsmaður annan kostnað (með styrkjum t.d. úr sjóðum KÍ)	Með styrkjum eða úr eigin vasa
Verkefni unnin skv. símenntunaráætlun skólans. Starfstengd þátttaka að ósk stjórnenda innan/utan vinnutíma.	Starfstengd verkefni en ekki forgangsmál – þátttaka innan/utan vinnutíma. Hugsanlega starfstengd, að ósk starfsmanns og utan vinnutíma.	Óljós eða engin tengsl við núverandi vinnustað eða framtíðarstarf hjá vinnuveitanda

Sjóðir sem starfsmenn geta sótt um styrki til eru m.a.:

- Endurmenntunarsjóðir Kennarasambands Íslands (t.d. þróunarstarf, námslaun, námskeiðsgjöld, ferðastyrkir)
- Sjóðir BHM (fyrir þroskaþjálfara o.fl.)
- Sprotasjóður (styrkir þróunarstarf)
- Endurmenntunarsjóður grunnskóla (skólar sækja um styrki)

FRAMKVÆMD STARFSÞRÓUNAR

Starfsþróun er samstarfsverkefni hvers starfsmanns og skólans sem stofnunar. Vilji og viðhorf starfsmanna skipta öllu máli varðandi það hvort starfsþróunin nýtist honum vel eða ekki.

Ábyrgð skólans: Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu starfsþróunaráætlana. Aðstoðarskólastjóri er skólastjóra til aðstoðar.

Ábyrgð starfsmanna: Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin starfsþróun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Það tekur virkan þátt í gerð eigin starfsþróunaráætlunar, fylgir henni eftir og óskar eftir aðstoð ef þörf krefur. Það tekur einnig virkan þátt í gerð starfsþróunaráætlunar skólans. Starfsfólk greinir skólastjóra frá þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Hver starfsmaður ber ábyrgð á að halda skrá um þátttöku sína í símenntun og öðrum starfsþróunarverkefnum og tímamagn sem í þessi verkefni fer. Þessa samantekt kynnir starfsmaðurinn í starfsmannaviðtali.

Sótt um námskeið: Starfsmenn sækja um námskeið til stjórnenda í starfsmannasamtölum en einnig á öðrum tíma ef þurfa þykir. Forgangsraðað er í samræmi við áherslur skólans og fjármagn.

Framhaldsnám: Framhaldsnám/fjarnám á sviði sem skólastjóri metur að tengist beint starfi viðkomandi starfsmanns er styrkt af Kópavogsbæ með þeim hætti að starfsmanni er gefið leyfi á launum til að sækja staðbundnar lotur. Umsóknirnar skal senda skólastjóra fyrir lok skólaárs vegna náms á næsta ári.

Jafnræði til náms: Reynt verður að jafna tækifæri til starfsþróunar hverju sinni en einnig verður tekið tillit til þátttöku starfsmannsins á fyrri árum.

Endurskoðun: Gert er ráð fyrir að starfsþróunaráætlun starfsfólks sé í stöðugri endurskoðun og geti breyst m.a. eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni. Starfsþróunaráætlun Kársnesskóla skóla er endurskoðuð að vori og lögð fyrir starfsmannafund að hausti.

Birting starfsþróunaráætlunar: Starfsþróunaráætlun skólans er hægt að nálgast á vefsíðu hans.